

Sjálfbærni er alþjóðlegt mál sem varðar þig!



Fyrir á þessu ári komu samstarfsaðilar SUSTAINABLE verkefnisins saman í Sveitarfélaginu Hornafirði til að ljúka mikilvægum hluta verkefnisins að þjálfra þjálfara. Markmiðið var að kynna og prófa þau verkfæri, aðferðir, æfingar og úrræði sem hafa verið þróuð í verkefninu. Allt snýst þetta um vinnubrögð til að gera Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna (SDG) að föstum hluta

þjálfunarnámskráa og einnig um valdeflingu kennara og nemenda til að gera þá meðvitaða um áskoranir innan sjálfbærni. Verið er að leggja lokahönd á verkfærakistu og handbækur, sem verða aðgengilegar á vef verkefnisins innan skamms.

Rauði þráður verkfærakistunnar, sem er skipt niður í námsþætti, eru Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun almennt auk kafla um Heimsmarkmiðin í heilsugeiranum, í óformlegri menntun, flutninga- og vörustjórnunargeiranum og veitingageiranum. 25 fulltrúar sóttu námskeiðið frá átta Evrópulöndum (Belgíu, Svíþjóð, Íslandi, Rúmeníu, Ítalíu, Spáni, Þýskalandi og Írlandi). Þátttakendur munu nýta sér reynsluna og deila áfram boðskapnum um sjálfbærni og mikilvægi hennar!



Námsvettvangur SUSTAINABLE kominn í loftið

Það gleður okkur enn fremur að tilkynna að námsvettvangurinn okkar er núna opin öllum og þér er hér með boðið að skoða innihald hans með því að smella [hér](#).

Námsefninu er skipt niður í fimm einingar sem takast á við mismunandi málefni í tengslum við Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun (SDG). Kíktu á vefinn til að nálgast frekari upplýsingar og gagnvirkar æfingar þar sem þú getur prófað þínar eigin framfarir eftir að hafa skoðað efnið.



Látum orðið berast um Heimsmarkmiðin!

Þú getur kynnt þér verkefnið og þróun þess á heimasíðunni okkar og á Facebook-síðunni okkar. Ef þú vilt taka beinan þátt, hafðu vinsamlegast samband við okkur, því við munum halda hagnýta viðburði í október þar sem þú getur prófað og farið yfir allt efni og niðurstöður.

Aukinheldur er verið að skipuleggja lokaráðstefnu í Svíþjóð, þar sem einnig má hafa samband við samstarfsaðila og sérfræðinga á sviði Heimsmarkmiðanna.

Fylgstu með og hafðu samband við okkur fyrir frekari upplýsingar!

Hver vinnur að SUSTAINABLE-verkefninu?

SUSTAINABLE samsteypan er skipuð níu evrópskum samtökum, frá átta löndum.

Ef þú vilt fræðast meira um verkefnið okkar, hikaðu ekki við að fylgjast með okkur á Facebook, farðu á heimasíðuna okkar eða hafðu beint samband við viðeigandi innlenda aðila!